



### FUNDARGERÐ

Þriðjudaginn 09. júní 2009, kl 17.00 var fundur haldinn í tómskúla- og menningarmálanefnd Skagastrandar á skrifstofu sveitarfélagsins. Á fundinn voru mætt: Jensína Lýðsdóttir, Gígja Óskarsdóttir, Björk Sveinsdóttir, Kristín Leifsdóttir og Róbert F. Gunnarsson.

Auk þess sat fundinn Sigurður Sigurðarsson.

Jensína Lýðsdóttir, formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

#### 1. Umsóknir um menningarstyrk

Fyrir fundinum lágu eftirfarandi umsóknir:

- a) Kirkjukór Hólaneskirkju vegna gospelskeiðs sem haldi var á Skagaströnd helgina 15.-17. maí 2009.
- b) Helena Mara Velemir vegna ljósmyndasýningar sem að hún ætlar að vera með á kántrýdögum.

Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

#### 2. Beðni frá áhöfn Arnars Hu 1 að fresta kántrýdögum um eina helgi, þar sem að togarinn verði í landi þá helgi.

Umræður urðu um málið og niðurstaðan var sú að nefndarmenn vilja fá staðfestingu á því frá útgerðinni að togarinn verði í landi helgina 21-23 ágúst.

#### 3. Farið yfir punkta vegna Kántrýdaga.

Farið var yfir þá punkta sem að er komið og nýjum bætt inní.

Ákveðið að halda fund fimmtudaginn 11. júní 2009, ganga þá frá afgreiðslu á menningarstyrkjum og ákveða endanlega dagsetningu Kántrýdaga.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl 18.10

Jensína Lýðsdóttir

Gígja Óskarsdóttir

Björk Sveinsdóttir

Kristín Leifsdóttir

Róbert F. Gunnarsson

Sigurður Sigurðarsson